



Fundargerð

Aðalfundur Markaðsstofu Suðurlands 2026 var haldinn á Stracta Hotel Hellu, 7. maí kl. 12:30.

Setning aðalfundar

Sveinn Hreiðar Jensson, formaður stjórnar, bauð fundargesti velkomna. Hefur hann mál sitt á að gaman að sé að sjá alla fundargesti á fundinum hér á Stracta, þó það hafi vissulega verið leiðinlegt að samgöngumál hafi komið í veg fyrir fyrri áform um að halda aðalfund og árshátíð í Vestmannaeyjum. Leggur Sveinn til að Ingunn Jónsdóttir framkvæmdastjóri SASS verði fundarstjóri og Árdís Erna Halldórsdóttir fundarritari. Var það samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri opnar fundinn, kynnir fyrirkomulag fundar og óskar eftir því að tvær breytingar verði gerðar á auglýstri dagskrá. Engin mótframboð bárust til stjórnarsetu í Markaðsstofu Suðurlands og var því lagt til að fella niður liðinn um kosningu stjórnar. Í ljósi þess að árshátíð féll niður vegna breytinga á staðsetningu á lokametrinum var lagt til að afhenda viðurkenningar vegna **Sprotta ársins** og **Framlag til ferðapjónustu á Suðurlandi** í lok aðalfundar, en ekki á kvölddagskrá eins og venjan er. Var bæði tvennt samþykkt af fundargestum.

Skipun nýrrar stjórnar MSS 2026- 2027

Stofnaðilar skipa sína fjóra fulltrúa í stjórn Markaðsstofunnar en tvö sæti Ferðamálasamtaka Suðurlands er kosið í á aðalfundi. Engin ný framboð bárust fyrir aðalfund. Sú breyting hefur þó átt sér stað að Jelenda Ohm tók við sæti Guðmundar Fannars í aðalstjórn á starfsárinu, og kemur Ólöf Þórhallsdóttir nú inn í stað Anítu Jónsdóttur fyrir hönd Visit South Iceland ehf.

Nýja stjórn skipa:

Ólöf Þórhallsdóttir - Visit South Iceland ehf
Ágúst Elvarsson – Ferðamálafélag Austur Skaftafellssýslu
Anton Kári Halldórsson – Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Brynhildur Jónsdóttir - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Jelena Ohm - Ferðamálasamtök Suðurlands
Sveinn Hreiðar Jensson - Ferðamálasamtök Suðurlands

Varamenn

Árni Eiríksson - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Arnar Freyr Ólafsson - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Inga Dís Richter - Visit South Iceland ehf
Birna Þrúður Sigurbjörnsdóttir – Ferðamálafélag Austur Skaftafellssýslu

Ársæll Hauksson - Ferðamálasamtök Suðurlands

Guðmundur Fannar Vigfússon – Ferðamálasamtök Suðurlands

Aníta Jónsdóttir lætur af störfum í aðalstjórnstjórn Markaðsstofunnar og Katrín Ó. Sigurðardóttir fer úr varastjórn og þökkum við þeim kærlega fyrir samstarfið.

Formleg stjórnarskipti fara svo fram á fyrsta fundi nýrrar stjórnar þar sem hún skiptir með sér verkum.

Skoðunarmenn reikninga

Aðalmenn:

Eydís Þ. Indriðadóttir

Laufey Sif Lárusdóttir

Varamenn:

Valtýr Valtýsson

Pétur Viðar Kristjánsson

Yfirlit ársins 2025 og áherslur 2026

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands (MSS), fór yfir það helsta í starfseminni árið 2025 og hvað er framundan árið 2026. Mikil áhersla hefur verið lögð á vefinn www.south.is líkt og síðustu ár, en nú snýst vinnan að stórum hluta um að besta síðuna fyrir gervigreindina og þjálfu spjallmennið Sunnu upp til að þjónusta gesti síðunnar sem best. Fram kom í tölfraði um vefinn að umferð hefur minnkað en það hafa verið merki um það víða á vefum vegna tilkomu ýmissa gervigreindarverkfæra sem eðlilega teljast ekki inn í google greiningartól. Varðandi samfélagsmiðlana þá sést glögglega að eldri kynslóðin nýtir helst facebook á meðan þau yngri eru meira á instagram og ekki síður TikTok. Markaðsstofan er því orðin virk á TikTok til að ná til yngri markhópa og deilir efni þar.

Suðurlandið fékk fjölmarga blaðamenn og áhrifavalda til sín á síðasta ári, að mestu í gegnum Íslandsstofu. Með því að vinna á slíkan hátt þá er búið að meta gæði aðilanna vel fyrir samstarfið, auk þess sem heimsóknin verður ríkulegri í samstarfi Íslandsstofu, markaðsstofunnar og aðildarfyrirtækja. Eldfjallaleiðin hefur einnig fengið mjög mikla athygli í erlendum fjölmiðlum, sem og fleira á Suðurlandi, og hafa greinar birst í yfir 400 greinum á síðasta ári.

Markaðsstofan starfar sem áfangastaðastofa og er **Áfangastaðaáætlun Suðurlands** nú komin í birtingu sem vefsíða. Hefur það einfaldað alla vinnu og uppfærslu við áætlunina, auk þess sem aðgengilegra er að leita gagna í henni. Vala kynnir Áfangastaðaáætlunina betur í næsta dagskrárlið.

Markaðsstofan hefur sett í loftið endurbætta **Travel Trade** síðu þar sem upplýsingum um ný fyrirtæki og nýjar vörur eru kynntar sérstaklega og miðlað áfram. Eru aðilar hvattir til að senda upplýsingar á markaðsstofuna ef vilja koma þjónustu sinni á framfæri undir „Travel trade“.

Önnur stór markaðsverkefni sem eru framundan á næstunni eru „bad photographer“ sem er mjög stórt markaðsverkefni á vegum Icelandair. Var óskað eftir samstarfi við Markaðsstofur landshlutanna í tengslum við skipulag og framkvæmd verkefnisins, Hvíta Húsið sér um

markaðsmál og mun Atlavík sjá um framleiðsluna. Annað verkefni er í samstarfi við Íslandsstofu, en þar mun content creator og áhrifavaldur sem heitir Cathrine Fredriksen fara um landshlutana og taka upp, vinna og miðla efni í gegnum Inspired by Iceland. Efninu verður einnig deilt á samfélagsmiðlum MSS auk þess sem við fáum aðgang að öllum B rolls úr tókunum. Verða þessi verkefni bæði unnin í sumar.

[Hér má sjá kynningu framkvæmdastjóra](#)

Ársreikningur Markaðsstofu Suðurlands 2025

Sveinn Hreiðar Jensson, formaður stjórnar, kynnti lykiltölur ársreiknings Markaðsstofu Suðurlands fyrir árið 2025. Hann benti einnig á að fundargestir gætu nálgast ársreikninginn með QR kóða á skjá og borðum. Rekstur á síðastliðnu ári kom út með um 800 þúsund króna hagnaði eftir skatta. Markaðsstofan leggur ekki upp úr því að skila hagnaði, heldur er ætlunin að það fjármagn sem kemur inn nýtist á viðkomandi starfsári. Hinsvegar er styrkur að markaðsstofan eigi til fjármagn til að geta brugðist við óvæntum aðstæðum.

Önnur mál

Formaður stjórnar þakkar fyrir góðan fund, þakkar starfsfólki og slítur fundi.

Fundi slitið kl. 13:30